

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Kæru foreldrar

Nú er skólaárið 2009-2010 hafið af miklum krafti í skólanum. Stjórn foreldrafélagsins er einnig að hefja störf og viljum við bjóða alla velkomna aftur í skólann og þá sérstaklega foreldra nýrra nemenda.

Með bestu kveðju,
Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla

Í ÞESSU BRÉFI

[Til hamingju með nýtt húsnæði](#)

[Píanó- og gítarnám](#)

[Akstur á hringtorgi](#)

Til hamingju með nýtt skólahúsnæði !

Í síðustu viku var 2. áfangi Sjálandsskóla vígður og tekinn til notkunar.

Mikil og jákvæð breyting verður á allri aðstöðu fyrir nemendur þar sem við bætist íþróttasalur, sundlaug, matsalur, aðstaða fyrir tónlistarkennslu og tómstundaheimili. Bæjarbúar munu einnig njóta góðs af þessari aðstöðu og það mættu margir eldri borgarar á vígsluna.

Píanó- og gítarkennsla eftir skóla

Tónlistarskólinn Tónheimar býður upp á tónlistarkennslu í húsnæði Sjálandsskóla þetta skólaárið. Þetta framtak færir þjónustuna nær börnunum til þess að minnka þeytinginn og skutlið. Til að byrja með verða Tónheimar með píanó- og gítarkennslu og ef vel tekst til þá bætast fleiri hljóðfæri í hópinn. :-). Til þess að þetta geti orðið að veruleika þarf lágmarkspáttöku um 20 börn.

Kennsla hjá Tónheimum hefst 14. september og nánari upplýsingar gefur Ástvaldur Traustason, 896-9828

Auglýsingin frá Tónheimum er í viðhengi.

Akstur til og frá skóla

Síðastliðinn vetur var gert mikið átak í því að laga umferðina við hringtorgið og á bílastæði. Nú er mikið af nýjum foreldrum við skólann og því viljum við árétta eftirfarandi:

Hringtorgið er ekki bílastæði!

Um leið og einn bíll stöðvar lengur en mínútu á hringtorginu þá stöðvast eðlilegt flæði bifreiða. Ef bíða þarf eftir barni eða fara með því inn að skóla þá verður að leggja bílnum í þar til gerð bílastæði.

Það sjá það allir sem vilja hversu gríðarleg slyshætta það er að láta börnin stökkva á milli bíla og smeigja sér framhjá bílum sem lagt er þvers og kruss. Margir þessi bílar eru mikið hærri en börnin og í myrkri er ekki mögulegt að sjá þau.

Til þess að allt gangi vel fyrir sig;

Á morgnana:

Komið inn í hringtorgið, bíðið eftir að stæði losni í ytri hring. Leggið í stæði og hleypið barninu út hægra megin við bílinn. Keyrið strax í burtu til að hleypa þeim næsta að.

Að loknum skóladegi:

Leggið bílnum í stæði og haldið hringtorginu fríu. Þegar þið sjáið að barnið er komið, keyrið þá að hringtorginu, leggið eins og um morguninn og hleypið barninu inn hægra megin í bílinn. Ef þið þurfið það leggja það langt frá að þið sjáið ekki barnið koma gangandi, gangið þá á móti barninu eða hafið svolitla biðlund uns örlítið hefur hreinsast frá.

Athugið að koma þessum skilaboðum til ömmu, afa, frænku, frænda og/eða þess sem sækir barnið í skólann að skóladegi loknum.

Verum virk í vetur !

Mikilvægi foreldra í skólastarfi er alltaf að aukast og flestir gera sér grein fyrir hversu gríðarlegt forvarnargildi gott foreldrasamstarf hefur.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á hinum ýmsu uppákomum í vetur,
Stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla